

## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 06. desember 2016 á Kjóavöllum.

### 1. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Kristín Njálisdóttir, Sigurður Tyrfinngsson, Helga Hermannsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj. Ragna Emilsdóttir boðaði forföll.

Á þessum fyrsta fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
  2. Óbreytt verkaskipting stjórnar samþykkt einróma;
    - I. Hermann Vilmundarson varaformaður
    - II. Berglind Guðmundsdóttir gjaldkeri
    - III. Ragna Emilsdóttir ritari.
- Stjórnarfundir skulu haldnir aðra hvora viku yfir vetrartíma og oftast ef þörf þykir.
3. Auglýsa þarf betur aðalfundi og félagsfundi t.d. með því að senda tölvupóst á póstlista félagsmanna og minna oftast á fundinn á heimasíðu Sprettis og Facebook t.d. sama dag og fundir eru haldnir.
  4. Í samráði við Umhverfisnefnd er fyrirhuguð gróðursetning trjáa á svæði Sprettis, hefst vinna við það næsta laugardag.
  5. Fyrirhuguð er að stofna Mannvirkjanefnd Sprettis til að sjá um eignir félagsins. Magnús og Sigurður taka að sér vinnu við undirbúningi að stofnun nefndarinnar.
  6. Magnús gerði grein fyrir verkefnastöðu næstu vikna.
  7. Magnús greindi frá því að unnið væri að lagfæringum á reiðhöllinni að Hattavöllum.
  8. Magnús er að vinna að uppsetningu á lykklakerfi fyrir reiðhöllina að Hattavöllum.
  9. Samþykkt er að fylgja eftir bréfi frá Umhverfisnefnd og Reiðveganefnd sem barst stjórn Sprettis um að unnið sé tafarlaust að úrbótum á lýsingu á svæði Sprettis. Kristín gerir tillögu að bréfi til Kópavogsbæjar.
  10. Félagsmenn sem starfa í nefndum hjá Spretti fóru í vel heppnaða vísindaferð til styrktaraðila Sprettis, Samskips og Vífilfells.
  11. Berglind gjaldkeri fór yfir fjármálin. Greiðsluseðlar fyrir félagsgjöldum voru sendir út 6.12.2016
  12. Farið var yfir verklag við greiðslu á reikningum vegna kennslu. Fræðslunefnd og Magnús samþykkja reikninga. Reikningar eru greiddir þegar námskeiði er lokið, þá er greitt eftir líðandi mánuði fyrir 5. næsta mánaðar.
  13. HK Íþróttafélag óskar eftir samstarfi við Sprett um útfærslu á þrettándagleði. Sigurður og Magnús verða tengiliðir við HK
  14. Nefndir á vegum Sprettis eiga að skila fundargerðum eftir alla fundi á tölvutæku formi. Fundargerðir verða vistaðar í gagnaskrá hjá Spretti. Magnús sér um að upplýsa allar nefndir um ferlið.
  15. Skoða þarf hvort færa þurfi til lokað hringgerði (tunnu) við Heimsenda þar sem reiðvegur liggur framhjá gerðinu, betra væri að hafa opið gerið á þessum stað. Hugsanlega er slyshætta af lokuðu hringgerði við reiðveg og önnur staðsetning því heppilegri.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Helga Hermannsdóttir